

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra.

1. gr.

Byggingarleyfi skv. 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

Byggingarleyfi skiptist í afgreiðslugjald og rúmmetragjald.

Fyrir sérhvert nýtt byggingarleyfi vegna nýrra mannvirkja, viðbygginga og verulegra breytinga á þegar byggðu mannvirki, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 52.500.

Fyrir breytingu á áður útgefnu byggingarleyfi og fyrir byggingarleyfi sem felur í sér minniháttar breytingu á þegar byggðu mannvirki, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 26.300.

Innifalið í afgreiðslugjaldi er skráning umsóknar, yfirferð uppdráttar og útgáfa byggingarleyfis.

Fyrir sérhvert byggingarleyfi vegna nýrra mannvirkja, viðbygginga og verulegra breytinga á þegar byggðu mannvirki greiðist að auki rúmmetragjald sem hér segir:

	<i>kr. pr. m³</i>
Íbúðarhúsnæði og bílgeymslur	223
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu-, verslunar- og gistihúsnæði)	223
Iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar	65
Óeinangraðar skemmur og gróðurhús	48
Sumarhús	400

Innifalið í rúmmetragjaldi er útmæling og áfangaúttektir skv. byggingarreglugerð ásamt skráningu húss hjá Þjóðskrá Íslands.

2. gr.

Málsmeðferð tilkynnta framkvæmda,

sbr. ákvæði gr. 2.3.5. og 2.3.6 í byggingarreglugerð.

Vegna málsmeðferðar tilkynnta framkvæmda, sbr. gr. 2.3.5 og 2.3.6 í byggingarreglugerð, greiðist afgreiðslugjald kr. 52.500. Innifalið í gjaldi er móttaka og varðveisla gagna, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag og skráning hjá Þjóðskrá Íslands.

3. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald skv. 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.–16. gr. skipulagslaga, ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits s.s. umsýslu og málsmeðferð skipulagsfulltrúa, utanaðkomandi sérfræðivinnu, nauðsynlegra umsagna, auglýsinga o.s.frv. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 52.500.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa vegna útgáfu framkvæmdaleyfa er 11.000 kr./klst.

4. gr.

Gjald fyrir skipulagsvinnu skv. 2. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda eða grenndarkynna byggingarleyfisumsókn er tekið gjald sem nemur kostnaði við skipulagsgerðina, umsýslu, kynningu og auglýsingu.

Aðalskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga	<i>kr.</i>
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	160.000
Óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	63.000
Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr. skipulagslaga	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	160.000
Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr. án lýsingar og kynningar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	114.000
Breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	114.000
Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með grenndarkynningu	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	63.000
Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga án grenndarkynningar	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	30.000
Grenndarkynning byggingarleyfis skv. 44. gr. skipulagslaga	
Umsýslukostnaður	30.000
Málsmeðferð stakra framkvæmda skv. 1. tl. ákvæða til bráðabirgða skipulagslaga	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslukostnaður	30.000

5. gr.

Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir aðra þjónustu en innifalin er við útgáfu byggingarleyfis, sbr. 1. gr. þessarar gjaldskrár, ber að greiða eftirtalin gjöld:

	<i>kr.</i>
Viðurkenning meistara	8.400
Stöðuleyfi	18.000
Aukaúttekt, sem ekki er innifalin í 1. gr.	22.000
Öryggisúttekt	22.000
Vottorð vegna rekstrarleyfa, án úttektar	5.400
Vottorð vegna rekstrarleyfa, með úttekt	27.400
Önnur vottorð sem ekki eru innifalin í 1. gr.	5.400
Staðfesting eignaskiptayfirlýsinga	18.000
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytingar *	18.000
Útsetning vegna takmarkaðs byggingarleyfis og stöðuleyfis	45.200
Aðrar útsetningar og mælingar	skv. reikningi
Útsend gögn og teikningar	2.500
Stofnun lóða í landskrá fasteigna skv. 48. gr. skipulagslaga	18.000
Landnúmer umfram eitt	5.400
Breyting á skráningu í landskrá fasteigna	9.000

Afgreiðslugjald í skipulagsnefnd	8.400
Afgreiðslu- og fyrirspurnargjald byggingarfulltrúa	8.400
Gerð lóðaleigusamnings	18.000
Ljósritun og skönnun, A4	140
Ljósritun og skönnun, A3	280
Ljósritun og skönnun, A2	600
Ljósritun og skönnun, A1	1.000

* sé sótt um endurnýjun byggingarleyfis og breytingar að auki skal farið með það sem nýtt byggingarleyfi, en það sem áður hefur verið greitt kemur til frádráttar.

6. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2016, 128,2 stig, og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 532/2011 um byggingarleyfisgjöld og tengda þjónustu fyrir byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárbings bs. úr gildi við gildistöku gjaldskrár þessarar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings eystra, 9. desember 2016.

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2016